



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 22. fundur, 30. júlí 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 22. fund sinn föstudaginn 30. júlí 2008, kl. 8:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Tilboð í uppsteypu vegna byggingar sundlaugar
2. Næstu skref
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Tilboð í uppsteypu sundlaugar voru opnuð þann 28. júlí 2008.

Eftirfarandi tilboð bárust:	Krónur	% af kostnaðaráætlun
1. Sveinbjörn Sigurðsson hf.	kt. 430590-1549 98.900.000	104%
2. Stígandi ehf	kt. 620269-7279 73.286.554	77%
3. Krákur ehf	kt. 481003-2610 79.943.381	84%
Kostnaðaráætlun hönnuða	95.200.000	100%

Nefndin samþykkir að semja við lægstbjóðanda um verkið.

2. Rætt um undirbúning næstu þátta. Útboð á frágangi verður um miðjan nóvember. Miklar umræður urðu um undirbúning þeirra verkþátta.
3. a) Byrjað var að moka upp úr grunni sundlaugarinnar þann 23. júlí 2008. Efnið í grunninum er fyrsta flokks fyllingarefni og er notað í nærliggjandi götu.  
b) Búið er að ganga frá nýjum inngangi sunnan megin inn í íþróttamiðstöðinn og er vinnu vegna þess á lokastigi.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 9.00.

Héðinn Sigurðsson  
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason